

Innköllun á Asien Wok Mix vegna ómerkts ofnæmisvalds

Samkaup hf. hafa, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja innkallað *Coop Asien Wok mix*, 500 gramma einingar vegna rangrar innihaldslýsingar. Innköllunin á aðeins við *Coop Asian Wok* blöndu merka dagsetningunni 13.06.2020.

Ástæða innköllunar er röng innihaldslýsing, en varan inniheldur ómerkta ofnæmisvald, sellerí sem ekki eru gerð viðeigandi skil á pakkningu.

Varan var til sölu í verslunum Nettó, Kjörbúðarinnar, Krambúðarinnar og Samkaupa Strax en búið er að fjarlægja og farga öllum vörum sem merktar voru með fyrrnefndri dagsetningu úr verslununum.

Viðskiptavinum sem keypt hafa vöruna er bent á að skila henni í þá verslun sem hún var keypt.